80 sumar hinn svonefnda Laugaveg allt austur að Fúlutjarnarlæk á takmörkum kaupstaðar-
11. júní umdæmisins.

81 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu*, **um sveit-**
20. júní **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af úrskurði yðar, dags. 2. okt. f. á., er ákveður, að Jónas nokkur Samsonarson skuli álítast sveitlægur í Seyðisfjarðarhreppi, en hreppsnefndin í tjeðum hreppi hefur áfrýjað úrskurði þessum til mín — og hafið þjer jafnframt látið fylgja 14 skjöl málinu viðvíkjandi.

Jónas þessi Samsonarson er fæddur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu árið 1852, og hafði hvergi áunnið sjer sveit annarsstaðar, þegar hann vorið 1877 um sumarmál kom frá Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði verið að trjesmíðisnámi, og rjeðst að Gnýstöðum í Seyðisfjarðarhreppi til að smíða hús fyrir bændurna þar, og svo til sjóróðra um sumarið; en er hann hafði dvalið þar nokkra stund, ljetu bændurnir það eptir, að hann færi að Ketilsstöðum á Völlum til húsasmíða, og síðan, er hann var kominn aptur þaðan, að Hauksstöðum í Vopnafirði í sömu erindum, en það var samkomulag milli hans og bændanna á Gnýstöðum, að hann síðar kæmi aptur að Gnýstöðum, enda hafði hann beiðst þess, að mega telja þar heimili sitt um sumarið og skildi þar eptir dót sitt, er hann ekki nauðsynlega þarfnaðist um sumarið. Eptir veturnætur um haustið, kom Jónas einnig aptur að Gnýstöðum, og dvaldi þar svo það sem eptir var ársins. Síðan hefur Jónas dvalið stöðugt í Seyðisfjarðarhreppi, en þáði þar seinni part sumars 1887 sveitarstyrk, og kom þá fram spurning um, hvar hann væri sveitlægur. Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að Jónas verði eptir hinum upplýstu atvikum, að álítast hafa átt heimili á Gnýstöðum allt frá því hann rjeðst þangað um sumarmál 1877, þrátt fyrir burtveru sína um sumarið, og að hann því hafi með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslurjett í Seyðisfjarðarhreppi, en jafnframt get jeg þess, að sveitarstyrkur sá, sem Jónasi tjáist hafa verið veittur sumarið og haustið 1887 virðist eigi hafa verið löglega veittur, þar sem ekkert er fram komið um, að Jónas hafi beiðst hans og engin aðsjón var gjörð hjá honum, auk þess sem hinn framlagði verzlunarreikningur yfir úttekt hans í reikning sveitarinnar virðist helzt benda til þess, að hún hafi fram farið án nokkurrar tilhlutunar frá fátækrastjórnarinnar hálfu.

Samkvæmt þessu skal hjer umræddur úrskurður yðar 2. okt. f. á. standa að öllu leyti óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

82 **Reikningar**

sjóða, er standa undir umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Í sjóði frá f. á.: